



Fundargerð

196. fundur Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910
25. ágúst 2025, kl. 08:15

Viðstaddir: Eva Stefánsdóttir formaður, Hjördís Baldursdóttir, Marta Sigurðardóttir, Sindri Kristinn Ólafsson og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Rúnar Vífill Arnarson formaður Íþróttabandalags Reykjaneshæjar og Hafþór Barði Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

* * *

1. Sundráð ÍRB 2025 - samningur um eflingu barnastarfs (2025080156)

Samningur um eflingu barnastarfs Sundráðs ÍRB lagður fram og samþykktur.

2. Fristundir.is (2025080282)

Hafþór Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi Reykjaneshæjar sagði frá vinnu við að afla efnis vegna vetrarstarfs í íþróttum og tómstundum. Skil á auglýsingum þurfa að berast fyrir 1. september nk.

3. Ljósanótt 2025 - hvatning til þátttöku (2025080283)

Íþrótt- og tómstundaráð skorar á íþrótt- og tómstundafélög Reykjaneshæjar að vera með viðburði í tengslum við Ljósanótt í Reykjaneshæ.

4. Framtíðaruppbygging íþróttamannvirkja og -svæða (2022050239)

Eva Stefánsdóttir formaður nefndar um uppbyggingu íþróttamannvirkja vestan Nettóhallar fór yfir stöðu verkefnisins. Tillögur stýrihóps verða lagðar fram til bæjarfulltrúa á næstu vikum til samþykktar.

5. Endurbætur á HS Orkuvelli og JBÓ velli (2025080224)

Íþrótt- og tómstundaráð fór yfir gögn er varðar nauðsynlegar umbætur á knattspyrnuvöllum félaganna.

Ráðið tekur undir tillögur knattspyrnufélaganna og mikilvægi þess að ráðast þurfi í umbætur. Ráðið vísar erindinu til stjórnar eignasjóðs.

6. Kynning frá Keflavík íþrótt- og ungmennafélagi (2025080281)

Birgir Már Bragason framkvæmdastjóri Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags mætti á fundinn og kynnti starfsemi félagsins.

Íþrótt- og tómstundaráð þakkar fyrir metnaðarfulla kynningu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.17